



Reykjavík, 16. janúar 2023
USK22110142

Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lýsingartíma við göngu- og hjólastíga.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 30. nóvember 2022 var lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sbr. 20. liður fundargerðar umhverfis og skipulagsráðs, dags. 23. nóvember 2022.

Lagt er til að lýsingartími við götur og göngu- og hjólastíga verði lengdur í borginni í því skyni að auka umferðaröryggi vegfarenda. Í skammdeginu er áberandi að ljós séu tendruð fullseint á götuljósvitum í mörgum íbúahverfum að kvöldi og slökkt of fljótt að morgni.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu reksturs og umhirðu.

Umsögn:

Um síðustu áramót var ákveðið að breyta lýsingatíma gatnalýsingar í Reykjavík til samræmis við önnur nágrennasveitarfélög. Fyrir breytingu var þjónustustigið 20 Lux við kveikingu og 20 Lux við slökkvun kerfsins. Eftir breytingu verður þjónustustigið 50 Lux bæði við kveikingu og slökkvun. Þessi breyting hefur í för með sér að heildar lýsingatími mun lengjast í báða enda og því auka birtu vegna gatnalýsingar í borginni.

Beðist er velvirðingar á seinkun svara.

Virðingarfyllst,
Hjalti J. Guðmundsson
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa borgarlandsins